

Reykjavík 15. nóvember 2018

Til umhverfis- og skipulagsráðs

Tillaga: Göngugötur í miðborg Reykjavíkur á aðventu 2018

Lagt er til að göngugötur verði opnaðar í miðborg Reykjavíkur á aðventunni og að fyrirkomulag þeirra verði eins og hér segir.

Svæðið

Göngugötusvæðið verði það sama og á sumrin. Það eru eftirfarandi götur:

- Laugavegur og Bankastræti - milli Vatnsstígs og Þingholtstrætis
- Skólavörðustígur - neðan Bergstaðastrætis
- Austurstræti auk Veltusunds og Vallarstrætis

Tímabil

Göngugötur verði á tímabilinu 13.-23. desember 2017 (sama tímabil og lengdur opnunartími verslana).

Virka daga á tímabilinu verði göngugötur opnar milli kl. 16:00 og 07:00 en frá 12:00 – 07:00 um helgar.

Fh. umhverfis- og skipulagssviðs,
Edda Ívarsdóttir, Verkefnisstjóri borgarhönnunar